

Alþingi
Erindi nr. P 139/950
komudagur 7.12.2010



Samtök skólamanna um bindindisfræðslu
Brautarholti 4a
105 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2010.

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Samtök skólamanna um bindindisfræðslu –SSB - gera eftirfarandi athugasemdir varðandi:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um iandlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011, þskj. 207 — 190. mál.

Almennar athugasemdir

Við drögum ekki í efa að skörun kunni að vera í núverandi starfi og verkefnum Lýðheilsustöðvar og embættis landlæknis og að draga megi úr yfirbyggingu og að einhverju marki samnýta mannafla með sameiningu þeirra. Við teljum hins vegar fullt tilefni til þess að hafa áhyggjur af því að áhersla á forvarnir og heilsuefningu þynnist út með því að sameina þessar stofnanir í eina stóra stofnun. Við teljum einnig fullt tilefni til þess að óttast um afdrif forvarna í of nánu sambylí við hinn stóra, knýjandi og fjárfreka málaflokk sem heilbrigðisþjónustan er nema heilsuefningu og forvörnum sé tryggður sess sem sérstök eining innan hins nýja embættis. Ákvæði í lögnum um að einungis læknir sé yfirmaður hinnar nýju stofnunar er vísbending um að áherslan sé meira á heilbrigðisviðinu en forvarnir og heilsuefningu. Við minnum á að forvarnir og heilsuefning beinast að stórum hluta að menningar- og félagslegum þáttum.

Athugasemd SSS: Við leggjum til að heilsuefning og forvarnir verði sérstök, skilgreind eining innan hins nýja embættis.

Athugasemd vegna 6. gr. Fagrád.

Í greininni segir: **Landlækni er heimilt að setja á fót fagrád á einstökum verksviðum embættisins sem í eiga sæti sérfróðir aðilar og fulltrúar stofnana og félagasamtaka á viðkomandi sviði. Fagrád skulu vera embættinu til ráðgjafar.**

Athugasemd SSB: Við leggjum til að í stað „Landlækni er heimilt...“ standi Landlæknir skal setja á fót fagrád...”

Skýring: Með þessu leggjum við til að fagráðin séu fest í lögnum og skilgreind. Við bendum á, og vísum til langrar og farsællar sögu félagasamtaka í forvörnum og heilsuefningu, að samstarf og virk þátttaka félagasamtaka/almannasamtaka í forvörnum og lýðheilsu er forsenda þess að

Samtök skólamanna um bindindisfræðslu – Kt. 501285-0569 – Brautarholti 4a – 105 Reykjavík

árangur verði af lýðheilsustarfi hér á landi. Það er því mikilvægt að þátttaka félagasamtaka í opinberri stefnumörkun og tengsl þeirra við forvarnastarf stjórnvalda sé í föstum skorðum og formlega skilgreind í lögnum, en ekki tilfallandi geðþóttaákvörðun landlækna eða ráðherra hverju sinni.

Athugasemd vegna 6. gr.
Lýðheilsusjóður.

Í greininni segir: **Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan embættisins.**

Embætti landlæknis og lýðheilsu ráðstafar fé úr lýðheilsusjóði í samráði við ráðherra og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfali af innheimtu áfengisgjalds í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Athugasemdi SSB: Við mælum gegn því að þessir sjóðir séu sameinaðir með þessum formerkjum og hvetjum til þess að einhverju formi af núverandi fyrirkomulagi um tóbaksvarnasjóð og forvarnasjóð verði haldið, s.s. að stjórn forvarnasjóðs sé í höndum sérstakrar úthlutunarnefndar sem skipuð er fulltrúum stjórnvalda og félagasamtaka. Þessi úthlutunarnefnd geri, eins og nú er gert, tillögur til heilbrigðisráðherra um veitingu styrkja úr sjóðnum til verkefna á sviði tóbaks-, og áfengis- og vímuefna. Með þessu verða þessir sjóðir áfram verkfæri til að efla og styrkja möguleika félagasamtaka til virkrar þátttöku í eflingu forvarna og heilsueflingu og viðhalda með markvissum hætti mikilvægu samstarfi og tengslum stjórnvalda og félagasamtaka á þessu sviði.

Skýring: Tóbaksvarnasjóður og forvarnasjóður hafa í raun verið verkfæri stjórnvalda til þess að virkja og styrkja félagasamtök/grasrótina í heilsueflingu og forvörnum. Með sameiningu þessara sjóða í einn svokallaðan lýðheilsusjóð til fjármögnunar ótilgreindra heilbrigðisverkefna, m.a. reksturs hinnar nýju stofnunar landlæknis og lýðheilsu, teljum við líkur á að meginviðfangsefni þessara sjóða, tóbaksvarnir og áfengis- og vímuefnavarnir, víki fyrir öðrum viðfangsefnum. Við minnum á að notkun tóbaks, áfengis- og annarra fíkniefna eru meðal helstu heilbrigðisvandamála vestrænna ríkja og kalla á sérstakar aðgerðir og viðbrögð samfélagsins.

Félagasamtök hafa löngum dregið vagninn í heilsueflingu og forvörnum, m.a. með þeim ágæta árangri að notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna á Íslandi er með því minnsta sem þekkist í heiminum. Hlutverk stjórnvalda felst m.a. í að tryggja félagasamtökum fjármagn til starfsemi sinnar og verkefna. Með því er verið að styrkja undirstöður félagasamtaka og auðvelda þeim að standa vaktina í forvörnum.

Virðingarfyllt.

Fyrir hönd Samtaka skólamanna um bindindisfræðslu,



Árni Einarsson